





# PÚLSINN





**SKÓLABLAÐ GRUNDASKÓLA**
**1. tbl. - 12. árg.**
**Júní 2006**











Rauði kross Íslands
Akranesdeild

# Börn og umhverfi

Akranesdeild Rauða kross Íslands heldur námskeiðið Börn og umhverfi, fyrir börn og unglinga á aldrinum 12-15 ára.

Á námskeiðinu, sem er 16 kennslustundir, er farið í ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn.

Lögð er áhersla á umfjöllun um slysavarnir og algengar slysahættur í umhverfinu ásamt ítarlegri kennslu í skyndihjálp.

***Námskeiðsgjald er 5.000.-***
*Innifalið í námskeiðsgjaldi er handbók og skyndihjálparpoki.*

***Dagsetningar námskeiðs nánar auglýstar síðar.***

**Upplýsingar og skráning í síma 431 2270**

SAFNASVÆÐIÐ Á AKRANESI
Sími 431 5566 - Fax 431 5567 - Veffang: www.museum.is
Netfang: museum@museum.is

**OPNUNARTÍMI:**

**15. maí - 14. sept.**
10-17 alla daga
**15. sept. - 14. maí**
13-17 alla daga

Guðbjartur Hannesson, skólastjóri:

# *Fjölbreytileiki - umburðarlyndi*



*Ágætu lesendur*

Þið hafið nú í höndunum nýtt eintak af Púlsinum, skólablaði Grundaskóla. Að venju hefur fjölmargt gerst frá útgáfu síðasta tölublaðs. Grundaskóli hefur notið mikillar athygli og verið góð kynning á bænum okkar eftir að skólinn vann Íslensku menntaverðlaunin 2005, fyrstur íslenskra skóla. Í framhaldi af þessari viðurkenningu naut skólinn þeirrar virðingar að fá íslensku forsetahjónin í heimsókn. Öll þessi verðskuldaða athygli, jákvæð umfjöllun, góðar kveðjur og hlýjar óskir eru óumdeilanlega góð viðurkenning fyrir núverandi og fyrrverandi starfsfólk skólans, nemendur, foreldra og bæjaryfirvöld. Grundaskóli hefur frá upphafi lagt áherslu á að vera hluti af samfélaginu, þjónustustofnun fyrir bæinn, þar sem menntun nemendanna er þungamiðja starfsins. Þannig viljum við hafa það áfram. Við vorum verðlaunuð fyrir nýjungar og þróunarstarf og ávallt eru ótal skemmtilegir hlutir í gangi hér í skólanum, samanber annál og ýmsar fréttir hér í blaðinu. Vonandi fáið þið góða yfirsýn yfir skólastarfið með lestri Púlsins.

Þrátt fyrir velgengni Grundaskóla eru ávallt næg úrlausnarefni, hlutir sem þarf að bæta í daglegu skólastarfi. Þegar fylgst er með því nýjasta í skólaumræðunni, eru orð eins og einstaklingsmiðað nám, nám án aðgreiningar og agastjórnun vinsæl hugtök. Þessi hugtök vísa til mikilvægis þess að hver og einn einstaklingur óháður litarhætti, trúarskoðunum, þjóðerni, fötlun og hæfileikum fái að njóta sín í skólanum og þáttur í því er að hafa klára sýn, skýr markmið og sanngjarnar „leikreglur“. Allt frá stofnun Grundaskóla hefur markmið skólans verið að koma til móts við þarfir og getu hvers og eins nemanda, en því miður hefur það ekki alltaf tekist.


**PÚLSINN**

Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

***Ábm.:***
Guðbjartur Hannesson

***Umsjón með útgáfu:***
Laufey Karlsdóttir

***Prentvinnsla:***
Prentverk Akraness hf.



**Heimsíða Grundaskóla:**
www.grundaskoli.is
**Netfang Grundaskóla:**
grundaskoli@grundaskoli.is




Það getur reynst erfitt að draga fram og efla vitund um hina fjölbreytilegu hæfileika hvers og eins meðal annars vegna þess hve einhæfir ytri mælikvarðar á árangur skólastarfs eru oft og vegna síaukinna krafna um bóklegan árangur. Þrátt fyrir sífellt betri þekkingu og bætta greiningu á ýmsum erfiðleikum, sem nemendur geta átt við að stríða, svo sem dyslexíu, ofvirkni með eða án athyglisbrests, ýmiss konar fötlun, tourette og einhverfu einkennum, reynist stundum erfitt að finna bestu úrræðin.

Þegar litið er til viðfangsefna skólans, þá hef ég lagt áherslu á að líta á alla nemendur sem einstaka, nemendur eru ólíkir og hver og einn hefur sín sérkenni og sína hæfileika. Ég hef heillast af þeirri sýn að allir hafi sínar sterku hliðar, allir séu vel 'greindir' á einhverju sviði. Jafnframt hef ég alla tíð aðhyllst hugmyndir um mikilvægi fjölbreytni og síbreytileika í skólastarfi til að koma til móts við ólíka nemendur og síbreytilegar kröfur samfélagsins. Ég hef ekki trú á að ein kennsluaðferð sé sú rétta, ég veit að nemendur læra með ólíkum hætti og þess vegna verðum við að tryggja þeim fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir.



*Sigurvegarar í Stóru upplestrarkeppninni. 1. sæti: Hafdís Ingimarsdóttir, 2. sæti: Hugrún Eva Haraldsdóttir, 3. sæti: Katla Rún Baldursdóttir.*

Við höfum í vetur verið að skilgreina hvaða þættir það eru sem þurfa að vera til staðar í kennslustundum til að sem bestur árangur náist. Helstu niðurstöður eru þær að árangur náist best með einstaklingsmiðuðu námi, sem einkennist á trú á hverjum og einum nemanda, hæfileikum hans og vilja til að gera sitt besta. Ala þarf á jákvæðu viðhorfi og skýrum kröfum og markmiðum, - metnaði til að ná árangri miðað við eigin getu, bæði í námi og félagslegri færni. Til staðar þarf að vera jákvæð hvatning og hrós, fjölbreytni í náms- og kennsluaðferðum og námsmati, jákvæður agi og síðast en ekki síst góð samskipti heimilis og skóla.

Við þurfum að ala á umburðarlyndi í garð einstaklinga sem hafa ekki fullt vald á hegðun sinni, eru hvatvísir, órólegir eða eiga erfitt með einbeitingu. Það þurfa allir að standa saman ef árangur á að nást. Rækta þarf sjálfsaga nemenda og ábyrgð á eigin gjörðum og námi. Um leið þurfum við að virða fjölbreytileikann, læra að sjá jákvæðu hlutina í fari hvers og eins. Við höfum heitið okkur að vinna áfram að því að bæta skólastarfið og erum nú þegar farin að skoða með hvaða hætti við getum aukið gagnrýna umfjöllun um nám og kennslu í skólanum, hvernig við getum sem skóli náð enn betri árangri í að gera hvern og einn nemanda að betri manneskju sem nær hámarksárangri.

Látum jákvæð viðhorf, metnað, tiltrú á ágæti allra nemenda, fjölbreytni og umburðarlyndi vera áfram okkar leiðarljós.

# Frá ritstjórn

*Púlsinn 2006 er unninn af ritstjórn sem skipuð er 10. bekkingum úr blaðaútgáfuvali.*

*Valið er á miðönn og var hluti af innihaldi blaðsins unninn á því tímabili.*

*Reyndur blaðamaður Reynir Traustason kom í heimsókn til að miðla af eigin reynslu og einnig fór hópurinn í heimsókn í Prentverk til að sjá hvernig blað er unnið.*

*Þar sem Púlsinn sýnir lesendum í máli og myndum og í grófum dráttum frá lífi og starfi skólans skólaárið 2005 - 2006 þá kemur hann út á vordögum.*

*Ritstjórn þakkar öllum þeim sem kom að útgáfu þessa blaðs kærlega fyrir hjálpina. Njótið!*



# Umferðin og ég

Þann 2. febrúar var umferðarvefur vígður í Grundaskóla. Við vorum svo heppin að fá að vera viðstödd og fylgjast með þegar Sturla Böðvarsson samgönguráðherra opnaði vefinn **www.umferd.is** Þegar hann var búinn að því veitti hann okkur í vinna með umferðina. Við vorum að mála umferðarmerki á boli, semja umferðarlög og leikrit, búa til endurskinsmerki, myndasögur, hjól og klippimyndir úr umferðinni.

Við stóðum okkur frábærlega vel og sögðum gestunum





3. bekk viðurkenningarskjöl fyrir að vera „ljós í myrkri“, þ.e. fyrir góða endurskinsmerkjanotkun í janúar.

Það voru Einar Ágúst og Hafþór sem tóku við þeim fyrir hönd bekkjanna. Síðan afhentu Sibba og Hildur Karen hverjum og einum viðurkenningarskjal.

Þegar formlegri opnun var lokið gengu gestir um og skoðuðu vinnu okkar en við vorum á stöðvum að



skemmtilega frá því sem við vorum að gera.

Gísli Einarsson, fréttamaður, var á staðnum og tók myndir af okkur og tók einnig viðtal við okkur sem kom í sjónvarpinu.

***Kveðja, 3. HKA og 3. SRR***


Lága verðið léttir lífið

**VERSLUNIN EINAR ÓLAFSSON**

Skagabraut 9-11 - Sími 431 2015 og 431 1015



# Heimsókn forsetans

Þriðjudaginn 31. janúar kom forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson og kona hans, Dorrit Moussaieff í heimsókn í Grundaskóla. Þau komu í tilefni þess að Grundaskóli fékk fyrstu íslensku menntaverðlaunin í júní í fyrra. Grundaskóli er fyrstur íslenskra skóla til að þá þessi verðlaun enda er þetta í fyrsta skipti sem þau eru afhent.

Heimsóknin byrjaði með stuttri athöfn þar sem forsetahjónin gengu inn í skólann okkar þar sem yngri krakkarnir í skólanum voru búnir að safnast saman til að taka á móti forsetahjónunum. Eftir það gengu þau áfram og þar hélt Gutti, skólastjóri, ræðu og allir hlustuðu vel á hana. Eftir ræðuna fór allur hópurinn upp á miðstig en þar sýndi Gutti forsetahjónunum og öllum hinum miðstigið og þá vinnu sem þar var í gangi.

Eftir það fóru þau á samsöng hjá okkur og auðvitað skemmtu allir sér vel þar og ég held meira að segja að þau hafi byrjað að syngja með þegar við sungum Nínu, sem er eitt af uppáhaldslögum okkar. Lá nú leiðin á yngsta stigið, til þeirra nemenda sem hlökkuðu örugglega mest til enda stóðu þeir sig mjög vel. Þarna sáu forsetahjónin til dæmis nokkra krakka í 1.-4. bekk byggja risahús, leika sér og læra á hefðbundinn hátt.



Heimsókninni endaði inn á sal þar sem Þjóðlagasveit Tónlistarskólans spilaði og nokkrir héldu ræður. Forsetahjónin og aðrir gestir voru ánægðir með heimsóknina.

# Evrópuverkefni

Í vetur er Grundaskóli þátttakandi í tveimur Evrópuverkefnum, svokölluðum Comeníusarverkefnum.

Annars vegar er um að ræða skólaþróunarverkefni fimm skóla frá Frakklandi, Íslandi, Portúgal og Þýskalandi og kallast það verkefni „Sjálfsmat á náms- og kennsluaðferðum“ og er það unnið af skólastjórum í samráði við umsjónarkennara 7. bekkja. Síðast liðið haust hittist hópurinn í Angers í Frakklandi en næsti fundur er í Ulm í Þýskalandi nú í maí. Umsjónaraðili Grundaskóla er Guðbjartur Hannesson skólastjóri.

Hins vegar er skólaverkefni með þátttöku fjögurra skóla frá Íslandi, Ítalíu, Svíþjóð og Tyrklandi, verkefni sem ber heitið „Að nýta söngleik til að tengja saman ólíka menningu“. Verkefnið byrjaði með fundi hér á Akranesi s.l. haust en næsti fundur er á Ítalíu nú í maí. Umsjónaraðili Grundaskóla er Flosi Einarsson tónmenntarkennari og tekur núverandi 8. bekkur þátt í verkefninu.

Slík verkefni eru kærkomin tilbreyting í skólastarfinu og gefa nemendum og kennurum tækifæri til að kynnast skólum annarra landa. Ef vel tekst til verða þessi verkefni bæði til þriggja ára.

## Klukkan

*Klukkan er tíminn*
*tíminn er dýrmætur*
*dýrmætt er fólk*
*fólkið er manneskjur*
*manneskja er guð*
*guð er andi.*

***Una Rakel Hafliðadóttir og Freyja Kristjana Bjarkadóttir 5.bekk***

# Gamli tíminn

Börnin í 2. bekk hafa verið að vinna með gamla og nýja tímann undanfarnar vikur. Hefur þar m.a. verið fjallað um skólann áður fyrr og hýbýli genginna kynslóða. Ýmislegt hefur verið gert til að upplifa liðinn tíma sem best og eru heimsóknir á okkar frábæra byggðasafn að Görðum einn liður í því. Þangað er gott að koma enda vel tekið á móti börnunum og mikið lagt upp úr því að þau fái að kynnast hlutunum sem best. Börnin komu einnig með gamla hluti að heima og settu upp eigið safn í skólastofunum.



*Una Lilja með olíulampa.*



*Sindri Þór með gamla góða mjólkurbrúsann.*



*Jóndís les Gagn og gaman sem mamma hennar átti þegar hún var lítil stúlka.*



*Hjördís Rósa skoðar bankabók langömmu sinnar og heldur einnig á gamalli hálsfesti.*



*Ásgrímur talar í skífusíma. Á myndinni má einnig sjá þvottabretti og kaffikvörn.*

## Í Garðalundi með 5. bekk

Við fórum í skógræktina og unnum í stöðvavinnu t.d. veiða síli og telja þau, mæla tré, skoða fugla, finna upp leiki og margt fleira. Síðan fengum við okkur nesti og fengum að leika okkur í dótinu upp í skógrækt og í lokin fórum við að gera armbeygjur og magaæfingar. Þetta var skemmtilegur dagur.

***Þórður Þorsteinn í 5. ÁHF***



# Þemadagar

Í haust var þriggja vikna þema í 7.-10.bekk sem byggt var á sjöunda áratugnum. Kveikjan að vinnu nemenda var kvikmyndin Hárið og í framhaldi af því fór hver og einn nemandi á sjö fyrirlestra í fyrstu vikunni. Þeir fjölluðu m.a. um æskulýðsbyltinguna, hippalífið, tísku, tónlist og menningu sjöunda áratugarins. Seinni tvær vikurnar unnu nemendur á verkstæðum að verkefnum sem þeir höfðu sjálfir sótt um og er Bílasmiðjan dæmi um eitt slíkt verkstæði.

### *Bílasmiðjan*

Á árunum milli 1960- 1970 voru tölvuleikir ekki komnir til sögunnar og heldur ekki eins mikið úrval af tilbúnum leikföngum eins og í dag. Þá gripu börn og unglingar oft til þess ráðs að smíða sér leikföngin sjálf.

Stórir vörubílar úr tré voru vinsæl leikföng á 7. áratugnum og langflestir strákar og sumar stelpur áttu einn eða fleiri heimasmíðaða vörubíla. Bílarnir voru eins misjafnir og smiðirnir voru margir.

Vörubílarnir voru hannaðir og smíðaðir af hópi nemenda í 8.-10. bekk. Fyrirmyndin er engin sérstök þó að þeir minni óneitanlega á ákveðna tegund af Fordvörubílum módel ´30 eða þar um bil. Það voru duglegir vörubílar sem entust vel og lengi. Þeir gengu síðar meir gjarnan undir gælunafninu ,,Gamli Ford".

Þessir ,,Gömlu Fordar" sem hér eru til sýnis, fagurlega málaðir í regnbogans litum, eru margir hverjir orðnir ansi lúnir.

Fjaðrabúnaður og hjól eru farin að gefa sig og komnar beyglur og sprungur hér og þar. Enda hafa þeir marga fjöruna sopið í flutningum og vegagerð um dagana. Þeir eru því ekki til stórræðanna heldur una sér frekar hvíldar í góðra vina hópi. Þegar vel er að gáð þá má í þeim finna einhvern dulinn sjarma. Þeir hafa hver og einn sín sérkenni, bera með sér ákveðinn karakter, já það er næstum því eins og þeir séu lifandi persónur af holdi og blóði. Það finnst okkur að minnsta kosti.

Eitt er víst, smiðirnir lögðu sig alla fram og kostaði vinnan stundum blóð, svita og tár. Virðum því viljann fyrir verkið og njótum vel.

Þessir nemendur smíðuðu bílana: Jóhann 10. SR, Björn 10. SR, Guðjón 10. LK, Ágúst 9. LJ, Jóhann 9. LJ, Jón Andri 9. LJ, Steinþór 9. LJ, Heiðar 9. EÞS, Magnús 9. IS, Björgvin 9. IS, Kristinn 9. IS, Orri 9. IS, Hrafn 8. SJ, Unnur 8. SJ, Guðjón 8. SJ, Jón Þór 8. SJ.

Smiðum og verkstjórum þykir ástæða til að koma á framfæri sérstöku þakklæti til smíðakennaranna Ingu Maríu og Margrétar



Þorvalds sem og nemenda þeirra. Þau leyfðu okkur að vera með sér í smíðastofunni og ömuðust ekki við þó oft hafi verið þrengsli, hávaði og fyrirferð sem óhjákvæmilega fylgdi bílasmíðinni.

Einnig viljum við þakka Lúlla húsverði fyrir ýmis viðvik. Við viljum líka þakka Ernu námsráð-



gjafa fyrir að lána okkur Dúa og Vigdísi hjúkrunarfræðingi fyrir sáraumbúðir og flísatöng.

Mörgum fleirum ónefndum viljum við líka þakka.

Verkstjórar voru Elís Þór Sigurðsson og Leó Jóhannesson.



# Hunangsflugur og Villikettir



Hunangsflugur og Villikettir er eins og flestir vita frumsaminn söngleikur af kennurum hér í Grundaskóla, þeim Einari Viðarssyni, Flosa Einarssyni og Gunnari Sturlu Hervarssyni fyrrverandi kennara skólans.

Margir Akurnesingar sáu söngleikinn og skemmtu sér vel. Einnig kom fullt af fólki utan af landi til að sjá hann.

Söguþráðurinn fjallar um það hvernig Akranes var á 7. áratugnum. Það voru t.d. hallærisleg föt, háar og skrautlegar hárgreiðslur, stúkufundir og margt fleira.

Bærinn skiptist í tvær klíkur Efri-Skaga og Neðri-Skaga. Neðri-Skaginn var svona ,,fína fólkið" sem var alltaf í fínni fötum og



miklu snobbaðra en Efri-Skagagengið.

Margt skeði á þessum tíma og má þar nefna götubardaga á milli bæjarhlutanna. Í lokin endaði allt vel og allir urðu sáttir.

Við Inga og Regína röltum niður á valsvæði og fundum hana Elísabetu Traustadóttur sem lék Brynhildi í söngleiknum og var ein af kærustunum í Efri-Skagagenginu. Við spjölluðum aðeins við hana og spurðum hana tíu spurninga um söngleikinn.

*Hvernig datt þér í hug að fara í áheyrnarprufur?*

Ég ætlaði aldrei að fara, ég þorði ekki en Sigga Ragnars kennarinn minn hvatti mig til þess.

*Ertu sátt við hlutverkið sem þú fékkst?*

Já, mjög svo !

*Hvað fannst þér skemmtilegast við þetta?*

Félagsskapurinn, ég kynntist svo mikið af krökkum.

*Lærðirðu eitthvað af þessu og ef svo er hvað þá helst?*

Já, helling þetta hjálpaði mér að verða betri leikari.

*Hvað fannst þér erfiðast?*

Að vera alltaf svona lengi á æfingunum. Fyrsta atriðinu kveið ég alltaf mest fyrir, þá þurfti ég að ráðast á Eyþór.

*Fékkstu leið á þessu á meðan að þetta gekk yfir?*

Stundum, þegar ég var heima hafði ég engan áhuga á að hlusta á lögin en á sýningunum fannst mér þetta allt saman fínt.

*Myndir þú vilja sýna nokkrum sinnum í viðbót?*

Nei, ég held ekki. Þetta var bara komið nóg.

*Hvers saknarðu mest í tengslum við söngleikinn?*

Eingöngu félagsskaparins.

*Hefðir þú viljað fá annað hlutverk?*

Nei, mig langaði alltaf að leika Brynhildi.

*Eftir 2 ár verður settur upp annar söngleikur, viltu segja eitthvað við þá sem ætla sér að taka þátt í honum?*

Þetta getur verið ótrúlega erfitt, en líka mjög skemmtilegt. En allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi.

***Inga Þóra & Regína Ösp***

# Hvunndags-
# og s














# g sparidagar
# í Grundaskóla













# Skoðanakönnunin

Skoðanakönnunin er orðinn fastur liður hér í Púlsinum. En hér birtast niðurstöður úr atkvæðagreiðslu sem nemendur unglingadeildar Grundaskóla tóku þátt í.

***Flottasta stelpan:***



Að þessu sinni var það drottningin Díana Bergsdóttir sem hreppti titilinn. Rétt á eftir henni kom Hulda Halldórsdóttir og Agnes Ásgeirsdóttir var í 3.sæti.

***Flottasti strákurinn:***



Þetta árið var það sjarmatröllið Andri Geir Alexandersson. Hnífjafnir í 2. og 3. sæti voru það Leó Daðason ,,gúrý" og Andri Már Jóhannsson ,,púný".

***Föt skólans:***



Titilinn hlaut tískudrósin Díana Bergsdóttir. Fast á eftir henni kom Heiður Haraldsdóttir. Sá sem hélt uppi heiðri karlmannanna og hreppti 3.sætið var Guðjón Þór Ólafsson.

***Flippaðasta týpan:***



,,Flipparinn" Leó Daðason hreppti titilinn annað árið í röð. Sigríður Mist Hjartardóttir fylgdi fast á hæla hans. Í 3. sæti voru það Engilbert Svavarsson og Gunnþórunn Valsdóttir.

***Bros skólans:***



Hin brosmilda Svandís Erla Ólafsdóttir lenti í 1. sæti. Þar á eftir komu Agnes Ásgeirsdóttir og Helga María Skúladóttir.

***Íþróttafrík skólans:***



Aron Ýmir Pétursson fótboltagaur hreppti 1. sætið. Í 2. og 3. sæti voru það nafnarnir Ragnar Þór Gunnarsson og Ragnar Leósson.

***Söngfuglinn:***



Hátónsbarkinn sjálfur, Elísabet Traustadóttir hlaut titilinn söngfugl skólans. Í 2. sæti var það enginn annar en Arnþór Ingi Kristinsson. Í því 3. var Guðrún Þórbjörg Sturlaugsdóttir.

***Kroppur skólans:***



Massatröllið Andri Már Jóhannsson hlaut 1. sætið þetta árið. Á eftir honum kom svo Guðjón Þór Ólafsson og þriðja sætinu deila þau Andri Geir Alexandersson og Díana Bergsdóttir.

***Par skólans:***



Í fyrsta sæti voru það turtildúfurnar Ragnar Þór Gunnarsson og Líf Lárusdóttir. Í 2. sæti voru það Aron Ýmir Pétursson og Inga Þóra Lárusdóttir. 3. sætið hrepptu Kári Víkingur Sturlaugsson og Sigríður Mist Hjartardóttir.

***Fjörkálfurinn:***



Hinn síhressi Leó Daðason vann 1. sætið með yfirburðum. Á eftir honum í 2. sæti var Ólafur Helgi Halldórsson og í 3. sæti var það Jóhann Skúli Björnsson.

***Hrakfallabálkur skólans:***



Jón Birkir Bergþórsson vann titilinn þriðja árið í röð. Á eftir honum kom Svanberg Björnsson og lenti Dagur Jóhannsson í 3. sæti.



### *Húmor skólans:*

Hinn ferski Emil Kristmann Sævarsson hreppti 1. sætið að þessu sinni. Í 2. sæti var það Þorleifur Þorbjörnsson og lentu svo Arnþór Ingi Kristinsson og Engilbert Svavarsson í 3. sæti.



### *Bjartasta vonin:*

Söngfuglinn og gítarsnillingurinn Elísabet Traustadóttir hreppti titilinn í ár. Á eftir henni kom svo Emil Kristmann Sævarsson og í 3. sæti var það sundgarpurinn Jóhann Örn Jónbjörnsson.



### *Krútt skólans:*

Krúsídúllan, Andri Adolphsson vann með yfirburðum í ár. Í 2. sæti lenti Móeiður Lárusdóttir og á eftir henni kom svo Svanberg Björnsson.



### *Hláturmildasta týpan:*

Harpa Jónsdóttir hlær mest og fast á eftir henni komu Regína Ösp Ásgeirsdóttir og Helena Másdóttir.



### *Kennari skólans:*

Hinn alvitri og hressi Leó Jóhannesson hreppti þennan titil í ár. Rétt á eftir honum komu Sigurður Arnar Sigurðsson og Sigurjón Jónsson.



### *Pabbi skólans:*

Bjarki Sigmundsson, drengurinn sem passar upp á allt og alla hreppti titilinn að þessu sinni. Á eftir honum kom Emil Kristmann Sævarsson og síðan kom Jóhann Örn Jónbjörnsson.



### *Mamma skólans:*

Hulda María „mamma“ Ásgeirsdóttir sigraði hér með yfirburðum. Í 2. og 3. sæti voru það svo Inga Þóra Lárusdóttir og Lóa Guðrún Gísladóttir.



Sævar Berg hlaut aukaverðlaun fyrir söguna Jólasveinarnir gleyma sér í Smásagna- og ljóðakeppni Æskunnar og RÚV 2006. Hann tók á móti verðlaunum ásamst öðrum sigurvegurum á Bessastöðum.

## *Ljóðasamkeppni*

Ljóðasamkeppni unga fólksins er haldin af samstarfshópnum Þöll, en hann vinnur að barna- og unglingastarfi á bókasöfnum landsins. Sigurvegari á aldrinum 9 - 12 ára er Ína Sigrún Rúnarsdóttir fyrir ljóðið Pabbi.

Einnig fengu viðurkenningu Emelía Halldórsdóttir, Alda Björk Einarsdóttir, Sigurður Trausti Karvelsson og Kristjana Bjarnadóttir.



***Ína Sigrún Rúnarsdóttir***

## Pabbi

*Þú varst alltaf til staðar.*
*En svo fórstu.*
*Þú varst lengi, lengi í burtu.*

*Ég bað alltaf fyrir þér*
*að hætta þessu rugli sem þú*
*komst þér í.*
*Ég grét mig í svefn,*
*alla daga.*

*En svo þegar þú komst*
*varstu illa farinn.*
*Ég man ég grét mikið.*
*En ég man samt alltaf glöðu*
*tilfinninguna inni í mér.*

*Þú komst, þú komst*
*eftir langa bið.*

## Spurt og svarað



***Hilmar Halldórsson 1. IE***

*Úr hverju eru skýin gerð?*
Vatni
*Af hverju er vatn blautt?*
Af því skýin eru blaut
*Hvað er Gutti gamall?*
50 ára
*Hvað er jólasveininn gamall?*
12 ára
*Hvað ætlarðu að verða þegar þú verður stór?*
Fótboltagarpur
*Hvað er tölva?*
Talva
*Hvað eru margir fiskar í sjónum?*
2000
*Frá hvaða landi er forsetafrúin?*
Þýskalandi
*Hvað er skrítnasta nafn sem þú veist um?*
Gilligilligasgasgingangulligulli-gullibomm



***Ásgrímur Óskar Jóhannesson 2. ÁE***

*Úr hverju eru skýin gerð?*
Lofti
*Af hverju er vatn blautt?*
Blandast loft við eitthvað blautt
*Hvað er Gutti gamall?*
40 ára
*Hvað er jólasveininn gamall?*
150 ára
*Hvað ætlarðu að verða þegar þú verður stór?*
Fótboltakall
*Hvað er tölva?*
Vírus
*Hvað eru margir fiskar í sjónum?*
Þúsund milljarðar
*Frá hvaða landi er forsetafrúin?*
Bandaríkjunum
*Hvað er skrítnasta nafn sem þú veist um?*
Danúda




*Fjölskylda Snorra Sturlusonar*

# Snorri Sturluson

Við krakkarnir í 6. MRJ höfum undanfarna mánuði verið að vinna með verkefnið Snorri Sturluson. Það hefur verið skemmtilegt að fjalla um svona gamla tíma og gerðum við mikið af verkefnum t.d tímaás. Snorri er frægastur fyrir ljóð sín og bækur en allra frægastur er hann fyrir bækurnar Heimskringlu og Snorra-Eddu. Við bjuggum til bók sem við lituðum í kaffi og úr því varð gamaldagsbók sem virtist vera frá gömlu tímunum. Í hana erum við búin að vera að gera mörg verkefni t.d. ættartré Snorra, hvernig persóna var Snorri, dagur í lífi hans í Reykholti, Snorri veginn og fleira. Verkefnið endum við svo með ferð í Reykholt í lok maí.



***Höf: Hekla Haraldsdóttir, Sólveig Rún Samúelsdóttir og Stefanía Sól Sveinbjörsdóttir***





Burðarþolshönnun eininga Óháð veðri og vindum

Sveigjanleiki í hönnun

Forsteyptar einingar

Skammur byggingartími Meira svigrúm til stjórnunar

Frelsi í notkun Virkt gæðaeftirlit

smellinn

Smellinn hf • Höfðaseli 2 • 300 Akranes • Sími: 433-6000 • Fax: 433-6001 • www.smellinn.is

# Árgang
# kved



Jæja, nú eru 10 ár frá því að við, árgangur 1990 hófum skólagöngu okkar. Á þessum árum hafa margir nemendur kvatt okkur og aðrir nýir komið í hópinn.

Okkur langar því í grófum dráttum að segja frá þessari 10 ára grunnskólagöngu hér í Grundaskóla.

Í byrjun voru þær stöllurnar Hjördís Hjartardóttir og Elísabet Jóhannesdóttir sem tóku á móti okkur og fylgdu okkur í gegnum fyrstu árin. Fyrstu árin voru róleg en minnistætt er þó að Hulda María var alltaf með buxurnar brókaðar upp að brjóstum og fékk því viðurnefnið brókeðlan og ABC leikurinn var í hámarki. Eins og vanalega gaus Hjördís kennari öðru hvoru. Það dró ekki mikið til tíðinda fyrr en í fjórða bekk þegar Spice Girls æðið gekk yfir og áttu meira að segja ónefndir strákar diska og spólur með þeim.

Við höfum lent í mörgum skrautlegum náttúru- og heimilisfræðitímum og er skemmst að minnast þess þegar Dagur ákvað að fá sér vatn og kraninn skaust af og vatnsbunan stóð upp í loftið og þegar fyrrnefndur drengur kveikti nærri því í heimilisfræðistofunni.

Gelgjuskeiðið færðist yfir hópinn í kringum 6. bekk ásamt því að kærustuæðið hófst og má fullyrða að ekki hafa margar stelpur verið á lausu. Minnistætt er þegar árgangurinn fór í skólaferðalag upp í Skorradal og fannst okkur það sjálfsagt að allir ættu kærasta eða kærustu. Var þá sjálfsagt mál að labba upp að næsta manni og spyrja þessarar sígildu spurningu ,,Viltu byrja með mér?“

Það má segja að ballið hafi byrjað í sjöunda bekk þegar ,,tapparnir“ í SÓ ákváðu að heilla kvenþjóðina og neituðu að fara inn í kennslustund eftir frímó og héldu áfram í fótbolta. Þegar þeir ákváðu loks að skunda í tíma beið virðulegur Guðbjartur Hannesson og hellti sér rækilega yfir þá. Svo var það Reykjaskólaferðin sem sló ærlega í gegn hjá öllum. Nema einum, Jón Birkir sem datt niður tvær hæðir og ,,slasaðist“ en það gengu sögur um að hann hafi ,,feikað“ meiðsli til þess að sleppa nokkrum fótboltaæfingum.

Þá var komið að 8. bekk en þá fór allt að gerast, einhverjir furðufuglar fengu þá flugu í höfuðið að flokka árganginn í þrjá bekki og þar af leiðindi var einn strákabekkur. Þegar hormónaflæðið er sem mest er það ekki mjög sniðug hugmynd því einu sinni neyddist kennarinn til þess að koma með sjúkradúkku, öðru nafni Pálína og fengu strákarnir að njóta félagsskapar hennar. Förum ekkert lengra út í það hér :]

Það var ekki það eina sem strákabekkurinn brallaði saman og þar má nefna hjólreiðatúr sem þeir fóru í um skólann. Þegar Einsi ræktaði list sína með því að snoða



nokkra nemendur og þegar sami hópur fann rokeldspýtur og ákvað að búa til ,,kósý“ bálstemmingu í stofunni, kveikti í yddara og fór það eitthvað úr böndunum. Kennurunum fannst einhver skrítin lykt komin fram á gang, kíktu þeir inn í stofuna og þar sátu strákarnir stilltari en allt, - en að kafna úr reyk.

Mikið hefur verið um,,morðtilraunir“ í árgangnum og hafa félagarnir Leó og Dagur verið fremstir meðal jafningja en Leó skar Ingu Þóru í heimilisfræði þegar hún reyndi að siða hann til og svo í margumtöluðum jólaföndurstímum hjá árgangnum þegar Dagur rak dúkahníf beint í hendina á Ragga.

# gur ‘90
# eður



Ein af þeim nýjungum sem komu fram í unglingadeildinni og þá sérstaklega í strákabekknum var það að halda réttarhöld þegar strákar stigu í vænginn við stelpurnar og höfðu ekki tilkynnt bekknum það. Þá þurftu sakborningar að koma í rétt þar sem Einsi var dómarinn og kviðdómur valinn eftir atvikum og vitni kölluð til, ef sakborningur fannst sekur þá sætti hann refsingu sem bekkurinn ákvað í sameiningu. Refsingar sem nemendur þurftu meðal annars að



taka út, var að syngja fyrir stelpuna, flytja ljóð, rappa og færa henni rós.

Höfum við gert margt á þremur árum og meðal annars gert bíómynd í fullri lengd sem ber nafnið Prógram og munaði minnstu að hún næði heimsvinsældum. Ekki má svo gleyma stórsöngleiknum Hunangsflugur og Villikettir þar sem nemendur fóru á kostum í leik og söng og halaði hann inn margar milljónir!

Það sem stóð hinsvegar mest upp úr í 9. bekk var hin fræga Laugaferð, þar sem hoppað var í sundlaugina að næturlagi og margt fleira. Það sem aðallega stendur þó upp úr í þeirri ferð var þegar kennararnir ákváðu að vera rosalega sniðugir og hrekkja krakkana með tilbúnum draugagangi. Það vakti ekki beint mikla lukku til að byrja með og stelpuhópurinn brast í grát í öllum látunum. Strákarnir voru þó fljótari að jafna sig þegar komið var á hreint að þetta væri kennaranna verk. Strákarnir gerðu lag um þetta allt saman, sem vakti mismikla lukku þetta kvöld. Við getum nú samt öll saman hlegið af þessu í dag.

Höfum við nú farið í grófum dráttum yfir þessi 10 ár sem við höfum verið í Grundaskóla og þurftum við að takmarka efnið því allt í allt gætum við haft efni í tíu bindna ritverk. Við viljum þakka öllum kennurunum sem kenndu okkur, öllu starfsfólkinu sem aðstoðaði okkur fyrir allar þær frábæru stundir sem við höfum átt hér.



## Kúra

*Það allra besta sem mér finnst*
*er að kúra lengur.*
*Mamma aldrei hefur kynnst*
*hvað ég er latur drengur.*

**Börkur Hrafn 3.bekk**
**og mamma hans.**

## Blóm

*Blómin koma á vorin*
*hvert fara þau á haustin?*
*Frostrósir blóm vetrarins*
*hverfa á sumrin.*

**Inga Helga Rögnvaldsdóttir 5.bekk**

## Lífið

*Lífið er frábært*
*en svolítið skrítið.*
*Spennandi og kennandi.*
*Gott og flott*
*svalt eins og kókómalt.*
*Lífið er frábært.*

**Alexander Már og**
**Konráð Freyr 5.bekk**



# Reynsl

Leó Jóhannesson, reynslubolti og fjallagarpur með (m)eyru og einn mesti viskubrunnur sem sögur skólans fara af var tekinn á teppið og spurður spjörunum úr. Hann hefur verið öllum til halds og traust, verið skólanum til sóma í leik og starfi og hafa það verið sannkölluð forréttindi að vera undir hans leiðsögn. Leó hefur svar við öllu milli himins og jarðar og var því verulega ánægjulegt að eyða smá tíma með honum utan kennslustundar.

*Hver er Leó Jóhannsesson?*

Ég er fæddur og uppalinn á Akranesi. Stúdent frá MA 1972 Fil. kand í sögu, uppeldisfræði o.fl. frá Lundi 1978. Íslenskupróf frá HÍ 2002. Giftur Sólveigu Reynisdóttur félagsráðgjafa og eigum við saman tvö börn og eitt barnabarn.

*Hvenær byrjaðir þú að kenna?*

Ég byrjaði að kenna haustið 1973 við gagnfræðaskólann og iðnskólann hér á Akranesi. Kenndi þar m.a. foreldrum ykkar og gott ef ekki öfum og ömmum. Þá kenndi ég í Keflavík ´78-9, Breiðholti ´80-82 og við Kvennaskólann í Reykjavík ´82-85. Í Grundaskóla kom ég haustið 1986 og hef verið hér síðan.

*Hafa orðið miklar breytingar á kennsluaðferðum frá því að þú varst í skóla?*

Já, og að flestu leyti til batnaðar. Nú eru bekkirnir blandaðir. Ekki þessi gamla aðgreining sem var engum til góðs. Síðan hafa orðið miklar framfarir í gerð kennsluefnis og kennsluaðferðum. Þrátt fyrir það getur vel verið að okkur hafi hrakað á einhverjum öðrum sviðum. Þó að nýbreytni sé lífsnauðsynleg í starfi skóla þá má alls ekki kasta gömlum og þjóðlegum gildum fyrir róða.

*Er skemmtilegra að kenna í dag en þegar þú byrjaðir að kenna?*

Já, það finnst mér. Ég er svo heppinn að kenna í skóla þar sem börnin eru frjálsleg í fasi. Þau eru vissulega stundum óþekk og stundum dálítið hirðulaus um námið en þau vilja vera góð hvert við annað og líka dugleg. Starfsmannahópurinn er samhentur og góð samskipti við foreldrana. Allir


**Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu blaðsins**

Verkalýðsfélag Akraness

Blikkverk sf.

PK Lagnir
Símar: 431 3202 - 897 8002 - 895 6002

FASTEIGNASALAN HÁKOT

Húsamálun J.P. ehf.
Sími 863 4389

rafþjónusta sigurdórs ehf

Café Mörk
Skólabraut 14 - Akranesi
Sími: 431 5030

prentverk AKRANESS

# lubolti og fjallagarpur

eru samtaka í því að gera góðan skóla betri.

*Hefur heimanámið aukist og er það stærri hluti af náminu en áður fyrr?*

Nei, ég held að heimanámið hafi frekar minnkað. Það er vegna þessi að skólatíminn hefur lengst og börnin læra meira í skólanum. Samt er líka gott að hafa heimavinnu. Það er öllum hollt að læra eitthvað heima hjá sér líka.

*Finnst þér að það þyrfti að auka agann í íslenskum skólum?*

Kannski jákvæðan aga en alls ekki heraga eða svoleiðis. Mig dreymir stundum um skóla þar sem allir eru að læra af einskærum áhuga. Það fara miklir hæfileikar í súginn þegar áhugann vantar.

*Hvað finnst þér um lengdina á skóla árinu, eru krakkar lengur í skóla í dag en áður fyrr til dæmis, þegar þú varst í skóla?*

Já, skólaárið er orðið talsvert lengra en áður var. Þeir sem stjórna hafa viljað hafa það þannig. Ég held samt að það sé ekki ráðlegt að lengja það meira. Frekar að halda áfram að reyna að auka gæðin í starfinu.

*Hefur viðhorf nemenda í unglingadeild til skólagöngu breyst frá því að þú varst í skóla?*

Já, ég held að unglingar í dag séu betur meðvitaðir um mikilvægi menntunar. Eða allavega ættu þeir að vera það. Í gamla daga komst fólk ágætlega áfram í lífinu þó það hefði ekki mikla skólamenntun. Í dag er það næstum því ómögulegt. Því er nú verr. Það væri betra ef þjóðfélagið okkar hefði líka svigrúm fyrir þá sem hafa ekki mikla skólamenntun

*Gastu ímyndað þér þegar þú varst yngri að Akranes mundi stækka svona mikið?*

Sem betur fer hefur Akranes ekki stækkað neitt voðalega mikið. Ég allavega rata enn vel um gamla bæinn okkar. Og vissulega er margt orðið miklu betra en þegar ég var að alast hér upp. Ég verð þó að viðurkenna að ég sakna ýmislegs sem var, t.d. kindakofanna, Akraborgarinnar og Axelsbúðar svo dæmi séu tekin.

*Hvarflaði það að þér að það mundu nokkurn tímann koma göng til Reykjavíkur?*

Ég man þegar við strákarnir í yngri flokkunum í fótbolta vorum alltaf að hossast hundbílveikir fyrir Hvalfjörð til að keppa við Reykjavíkurliðin. Þá óskuðum við þess oft að það væri komin brú. Einmitt þar sem göngin eru núna. Ég man meira að segja eftir því að við impruðum einu sinni á þessu við bílstjórann sem hló nú bara að barnaskapnum í okkur. Stundum sjá börn lengra fram í tímann en fullorðnir.



*Hvað heldur þú að Skagamenn styngi upp á að gera næst þegar farið verður út í stórframkvæmdir?*

Núna þegar íþróttahöllin er risin þá vona ég að það verði stór félagsmiðstöð sem rúmar allar kynslóðir bæjarins í skemmtilegum tómstundum. Maður er manns gaman.

*Hvernig líst þér á nýja fjölnota íþróttahúsið sem var að rísa á gamla malarvellinum?*

Mjög vel. Ég verð þó að viðurkenna að ég hrökk dálítið í kút þegar ég áttaði mig á því hvað það er skelfilega fyrirferðarmikið. En það á eftir að venjast og ég vona svo sannarlega að þessi fjárfesting eigi eftir að skila sér. Ég sé fyrir mér möguleikann á stóru framfarastökki í knattspyrnu hjá bæði stelpum og strákum. Einnig held ég að bæjarbúar allir, ungir jafnt sem gamlir, eigi eftir að hafa mikið gagn og gaman af þessu húsi.

*Heldur þú að þú eigir eftir að sakna malarvallarins eða var frábært að losna loksins við hann?*

Gamalt máltæki segir: ,,Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.“ Maður var nú ekkert alltof ánægður með hann þegar hann var grjótharður í norðanstrekkingi. En þegar hann er farinn þá man maður meira eftir honum sem lungamjúkum í hægviðri og rigningarúða. Þá var hann frábær.

*Við getum rétt ímyndað okkur breytinguna á æfingaraðstöðu frá því að þú varst uppá þitt besta, en getur þú sagt okkur eitthvað nánar hvernig breyting hefur orðið ? Var til dæmis oftar æft á Langasandi og hvernig var skóbúnaðurinn?*

Fjarlægðin gerir fjöllin blá. Í minningunni er Langisandur eins og Wembley. Hann var rennisléttur og víður á alla kanta. Og fót-

boltinn sem þar var spilaður á sólskinsbjörtum vordögum var á heimsmælikvarða.

*Hver eru þín helstu afrek sem íþróttamaður?*

Ég get víst ekki státað mig af stórum afrekum. Mér þótti rosalega gaman í íþróttum þegar ég var strákur og þótti efnilegur en því miður dugði það ekki til stórra afreka.

*Hvernig var að spila með goðsögnum frá árinu 1973 s.s. Matthíasi Hallgrímssyni, Teiti Þórðarssyni KR-ing, Gauja Þórðar og öllum hinum?*

Einu sinni sem oftar var ég að spila í framlínunni með Teiti í 2. flokki. Staðan var 7:0 fyrir okkur þegar ég kemst í dauðafæri. Veit ég þá ekki fyrr til en gulur og svartur stormsveipur kemur vaðandi og hirðir boltann af samherja sínum. Það var Teitur. Honum lá þessi ósköp á að skora sitt áttunda. Gutti var hægri bakvörður í þessum leik og getur vitnað um þetta. Teitur var engum líkur, hann var markaskorari af guðs náð. Ég spilaði nú aldrei marga leiki með meistaraflokki, var viðloðandi flokkinn í tvö sumur og á bara góðar minningar frá þeim tíma.

*Hvaða áhugamál hefur þú nú til dags?*

Ef ég nefni eitt þá kemur annað strax upp í hugann og þannig koll af kolli. Ætli ég hafi ekki bara áhuga á allt of mörgu.



*Þú ert nú kunnuglegt andlit uppá golfvelli, hvernig líst þér á golfaðstöðuna sem við Skagamenn höfum upp á að bjóða upp á Garðavelli?*

Garðavöllur er frábær. Einn sá albesti á Íslandi og þó víðar væri leitað. Grunnurinn að uppbyggingunni þar eins og annars staðar í íþróttahreyfingunni er óeigingjarnt sjálfboðaliðastarf. Einnig hefur klúbburinn verið mjög heppinn með starfsfólk.

*Er útivist eitt af lykilatriðunum til að líta vel og unglega út?*

Eruð þið nokkuð að skjalla mig, strákar mínir? Þakka ykkur fyrir það. Nei, ég held að útiveran geri mann ekki unglegan. Maður veðrast. Hins vegar held ég að útiveran hjálpi manni að vera áfram ungur í anda.

*Hvað ferð þú oft upp á Akrafjall yfir árið?*

Árið 2001 fór ég 70 ferðir upp á Háahnjúk. Það sama ár fór frumkvöðullinn Jón Pétursson 50 sinnum og Jóhannes vinur minn Guðjónsson 127 sinnum. Við vorum sólgnir í Hnjúkinn. Nú fer ég þetta 20-30 ferðir á ári. Þið ættuð að tala við Magga Ben eða Þröst Vilhjálms. Þeir fara miklu oftar.

*Hefur Akrafjallið stækkað síðan þú varst yngri?*

Akrafjallið hefur hvorki stækkað né minnkað. Það er eins og það var. Eða því sem næst. Skoðið bara ljósmynd af því frá 1896. Hins vegar er stórkostleg hætta á því að það eigi eftir að minnka. Sjáið t.d. hvað er að gerast með Ingólfsfjall. Þeim finnst ekki tiltökumál þar í sveit að taka eins og 70-80 metra ofan af því. Ef eitthvað svoleiðis gerðist með Akrafjall þá vil ég ekki vera nærstaddur. En vonandi verður það ekki. Allavega líst mér þannig á ykkur strákar mínir að þið munduð sporna gegn því ef lífið lægi við.

Nú er klukkan slær tólf og við höfum verið í sjö tíma hjá honum teljum við þetta vera komið nóg þar sem útivistartími barna er löngu liðinn. Eins og þið sjáið er Leó stórmerkilegur maður og komum við greinilega ekki að tómum kofanum og er alltaf stutt í grínið hjá honum. Hann hefur gengið í gegnum margt og mikið á sinni litríku lífsleið og er margt til lista lagt og óskum við honum allt í haginn og vonum að það springi ekki í honum maginn.

*Emil, Andri Geir og Aron*

## *Skólinn*

*Skólinn er skemmtilegri en leikskólinn.*
*Ég er líka ánægður með kennarann minn.*
*Ég á mjög góðan aðstoðarkennara.*
*Svo á ég líka góða vini.*

***Þorvaldur A. Guðmundsson 5.bekk***

## *Sekur*

*Sekur, sekari, sekastur,*
*sitja hér.*
*En hver er hver?*

*Svangur, svangari, svangastur,*
*sitja hér.*
*En hver er hver?*

*Sá er sekur sem er frekur*
*sá er sekari sem er frekari*
*sá er sekastur sem er frekastur.*

***Gréta Stefánsdóttir 5.bekk***

# Diesel

## Vinningssmásaga eftir Trausta Sigurbjörnsson

„Kristó“ heyrist í fjarska. „Kristófer Bjarnason viltu drífa þig á fætur“. Draumarnir eru svo góðir að ég vil ekki vakna. Draumar mínir virka eins og heitt teppi undir kalda sæng til að skýla mér fyrir bláköldum raunveruleikanum sem er svo fjarstæður nú þegar mig dreymir loksins.

„Kristó“ heyrist aftur inn í draumaveröld mína, líkaminn streitist á móti og virðist sem hann ætli að halda aftur af mér. En þá er kveikt ljós. Heimurinn blasir við mér og augun opnast eins og bílskúrshurð. Mamma stendur yfir mér og segir „Kristófer ég nenni ekki alltaf að drösla þér svona upp á morgnana“.

Ég reyni að drífa mig en eftir svona meðferð er erfitt að koma sér á fætur. Ég þríf föt úr skúffunni. Ómerktar Johnson gallabuxur sem mamma fékk á útsölu, fer í hvítan bol sem virðist hlæja að fatasmekk mínum er ég lyfti hálsmálinu yfir hausinn á mér og set hann í gegnum opið. „Hann skýtur og skorar“ hugsa ég og minnist þess þegar hann sagði þetta við mig, bláeygður og ljóshærður, þegar að ég var lítill. Þá var ég miklu minni en ég er í dag. Þá virkaði hann svo stór. Hann er svo fjarlægur núna. Ég slít mig frá þessum hugsanahætti og hleyp upp tröppurnar það liggur við að ég rífi niður símtólið sem hangir á veggnum. Á hraða sem þessum virðist allt annað gleymast.

Ég sest við borðið þar sem mamma er búin að taka til fyrir mig ristað brauð og djúsglas. Skelli þessu í mig í flýti og stekk svo aftur niður stigann í leit að peysu. Ég klæði mig í bláa og hvíta Champion peysu sem hann gaf mér úti í Danmörku. Hugurinn reikar aftur um tvö ár þegar hann var hér. Bláeygður og ljóshærður stóð hann svo skemmtilega með peysuna í hendinni þegar ég sá hann síðast. „Kristófer, ég get ekki skutlað þér þannig að þú verður að drífa þig“ kallar mamma úr eldhúsi og hálf hrindir mér í skóna með orðakasti sínu. Ég dríf mig að ná í skólatöskuna sem liggur grafin undir úlpuflóði sem féll skömmu áður. Hendist út um dyrnar og skelli svo harkalega að hálf húsalengjan skelfur. Húsin standa og einblína á mig er ég geng niður götuna. Húsin dæma mig. Þau segja að ég sé friðarþjófur með hurðaskellum mínum.

Þegar ég er kominn upp í skóla tek ég eftir að því Konni stendur og bíður eftir mér. Ég og Konni höfum verið eitt alveg frá því að ég man eftir mér í leikskóla. „Hva, ég sem var alveg að fara að labba inn“ segir Konni. „Það var aðeins vesen með það að vakna eins og vanalega“ svara ég. Við drifum okkur í tíma og hlustum með öðru eyranu á kennarann að bulla um hitt og þetta. Reikar þá oft hugurinn heim í stofu, þar sem hann sat oftast, bláeygður og ljóshærður, með mjólkurglas í hendinni. „Kristófer, ætlar þú ekkert að fara að læra“ spyr Katla kennari. „Jú jú, það kemur að því, en ég þarf nú fyrst að taka upp bækurnar“ svara ég henni fullum hálsi. Hún strunsar í burtu en hreytir einhverju út úr sér sem ég heyri ekki. Ég tek upp stærðfræðibókina og horfi á hana en skil ekki neitt. Hann var svo vanur að hjálpa mér. „RIIIIING“ komnar frímínútur og Konni rífur mig upp og hleypur með mig út úr tíma.

„Núna náum við helvítis fótboltavellinum á undan strákunum í 7.b“ segir hann lafmóður eftir nokkra metra hlaup. Þegar við komum þangað sjáum við engan og smölum því saman öllum strákunum í bekknum til að kjósa í lið og spilum svo. Þegar að við hlaupum inn eftir frímínútur sjáum við stráka í 7.bekk standa alla saman úti í horni að hvísla hverjir að öðrum. „Komdu bara, látum þá bara eiga sig“ segir Konni og við sprettum inn til að verða ekki of seinir í tíma.

Síðustu tímar fyrir hádegi fara yfirleitt í það að gera ekki neitt, alla vega komum ég og Konni okkur fyrir þannig að við þurfum ekkert að gera. Við erum svo dauðfegnir þegar að bjallan hringir og við megum fara heim. Ég dríf mig heim og hringi svo í Konna þegar ég er búinn að læra heima. „Nennirðu ekki að verða samferða á fótboltaæfingu“ segi ég. „Jú auðvitað komdu bara til mín eftir svona 15 mín okei?“. „Ég kem þá“ svara ég og legg símann frá mér og stekk í einu hendingskasti beint upp stigann til að ná í æfingafötin. Hendi bláum Adidas stuttbuxum ofan í töskuna ásamt hvítum bol frá Hagkaup og hvítum Hummel sokkum. Tek stigann eins og rennibraut með því að stökkva hann í einu skrefi og á fimm sekúndum er ég mættur beint ofan í skóna. Þessa gömlu slitnu Johnson skó sem ég fékk frá honum. Bláeygður og ljóshærður stóð hann alltaf meðan að hann klæddi mig í.

Ég stekk beint út í garð og á hjólið mitt og dríf mig á æfingu. Eftir æfingu hendi ég mér í sturtu og hjóla svo með Konna heim. Þegar ég kem heim sé ég að mamma er búinn að taka kápuna sína af standinum og bíður uppi eftir mér.

„Kristó minn, ég þarf að vinna á kvöldvakt á sjúkrahúsinu núna. Þú mátt taka peninga úr veskinu fyrir pizzu og einhverju gosi“ segir hún. Ég labba inn í eldhús og sé veskið hennar mömmu og opna það. Ég sé blasa við tvo bláa, einn rauðan og fjóra græna. „Hvað það væri gaman að eiga svona mikið af peningum, þá gæti ég sko keypt mér hvaða föt sem er“ hugsa ég með mér og tek tvo bláa seðla. „Kristó minn, geturðu nokkuð komið með veskið til mín?“ heyrist í mömmu niðri í gangi. Ég skokka með veskið til hennar, fæ koss á kinn fyrir. „Ég kem svo heim korter í átta í fyrramálið, þá get ég skutlað þér í skólann okei?“. „Já“ svara ég og loka á eftir henni þegar að hún fer út.

„Ég á tvo bláa núna“ hugsa ég með mér. Mig langar rosalega til að kaupa mér nammi fyrir allan peninginn en hann væri betur nýttur í föt sem mig langar svo í. ,,Ég fæ mér bara brauðsneið í kvöldmatinn“ hugsa ég með mér meðan að ég skokka inn í eldhús. Hnífurinn fer eins og sverð riddara í gegnum smjörið og smyr ég brauðið af þvílíkri snilli að ég myndi hljóta silfurverðlaun á heimsmeistaramóti í smurningum, því það eina sem vantar er súkkulaðið.

Eftir viðburðaríkt kvöld fyrir framan hasarmyndir í sjónvarpinu hendi ég mér upp í rúm. „Núna þarf ég að vakna einn við klukkuna“ dæsi ég og næ í vekjaraklukkuna. Man samt eftir því að stinga þessum tveimur bláu í vasann á Stainless gallabuxunum mínum.

,,RIIIIING“ öskrar vekjaraklukkan á mig. Ég sný mér við og slekk á henni. „Bara smástund lengur“ hugsa ég og sofna svo strax aftur. „RIIIIING RIIING, heyrist þá í símanum frammi. Ég vakna og sé hvað klukkan er orðin. Stekk fram og svara. „Halló Kristó? Ætlarðu ekkert að fara að koma ég bíð hérna fyrir utan.“ Ég stekk í föt, Stainless gallabuxurnar, gamlan Nike bol og peysu í stíl. Ég er heppinn að hlaupa ekki niður ávaxtaskálina en næ að grípa einn banana á leiðinni að töskunni minni og úlpuflóðinu sígilda. Mamma beið úti hin rólegasta í rigningunni. „Hva svafstu yfir þig?“ spyr mamma. „Vekjaraklukkan slökkti

barasta sjálf á sér“ segi ég og glotti til hennar meðan hinir tveir bláu glotta við mér.

Skóladagurinn gengur sinn vanagang. Kennarinn að blaðra um hitt og þetta og enginn að hlusta, nema Skúli sem er vanur að apa allt upp eftir kennaranum. Þegar besti vinur okkar allra, bjallan, bjargaði okkur frá annarri ræðu um vinnusemi í tíma frá Kötlu kennara, þaut ég út enda ætlaði ég núna að láta verða af því og fara einn að versla mér föt. Hinir tveir bláu koma auðvitað með.

Ég hljóp út úr stofunni og hélt fast utan um töskuna mína eins og kúreki að reyna að halda sér á baki. Þegar ég var kominn inn í búðina sem ég hafði svo oft labbað framhjá og dáðst af fólkinu sem verslaði þar inni hugsaði ég um hann, bláeygðan og ljóshærðan. „Hann hlýtur að hafa verslað sín föt hér“ hugsaði ég með mér.

Ég labbaði beint áfram og sá þá buxurnar sem mig hafði langað í frá því að hann hvarf, bláeygður og ljóshærður. Buxurnar sem mig hafði langað í voru hvítar með rönd sem var í laginu eins og bót niður eftir hægri skálminni. Svo var það auðvitað merkið sem mig hafði dreymt um að ganga í. Merkið sem hann, bláeygði og ljóshærði, var alltaf í. Með litlum stöfum stóð ritað á miða fyrir ofan vasann „Diesel.“ Þetta voru buxurnar sem minntu mig alltaf á hann. Þegar ég horfði á þær virtist hann ekki það fjarlægur eins og áður. Ég spurði afgreiðslukonuna hvort hún ætti þessar buxur í minni stærð. „Þær smellpassa“ langaði mig til að öskra er ég prufaði að fara í þær inni í mátunarklefanum. Ég kom út úr klefanum glaður í bragði með þessa tvo bláu í hendinni og hinar buxurnar mínar í poka. Ég grét næstum þegar að konan sagði mér að ég mætti velja mér einn bol aukalega í þessari viku fyrir fimmhundruð krónur í viðbót. Ég gekk beint af augum á bolinn sem mig langaði í.

Þessi bolur var flottur. Svartur bolur frá Motor með áletruninni „Stick with your friends“. Ég var ekki alveg viss um hvað það þýddi en það skipti örugglega ekki máli.

Ég ákvað að fara heim í þessum fötum og fór upp að afgreiðsluborðinu til að borga. Dró upp hina tvo bláu og rétti afgreiðslukonunni. „Níuþúsund áttahundruð nítíu og níu krónur“ sagði afgreiðslukonan og ég heyrði peningakassann opnast.

Síðan labbaði ég út með mynd af honum í huga mínum. Hann hefði haft gaman af því að versla þetta með mér, bláeygður og ljóshærður. Hann hefði örugglega valið það sama.

Ég dríf mig heim þar sem ég veit að mamma er ekki heima. Ég tek upp tólið eins og byssu úr hulstri og skýt á takkana með puttanum og hringi í



*Ragnar, Trausti og Hildur, sigurvegarar í árlegu smásagnakeppni 10. bekkjar.*

Konna. „Hæ, ætlarðu ekki að vera samferða á æfingu?“. „Jú, ég verð tilbúinn eftir korter, komdu þá“. Ég hulstra símann eins og kúrekarnir gerðu alltaf, hljóp upp stigann og fann hvernig nýja Dieselefnið straukst við lærið á mér. Ég dreif mig á æfingu og Konni heilsaði mér eitthvað öðruvísi er ég kom.

„Hvað, varstu að fá föt?“ spurði hann frekar súr. „Já, ég var að versla þau áðan“ svaraði ég skælbrosandi. Hann svaraði engu heldur byrjaði bara að hjóla af stað. „Saknarðu hans ekki?“ spurði Konni allt í einu. „Hvers?“ sagði ég fljótur í bragði. „Pabba þíns?“ sagði Konni með frekar hvíslandi röddu. Þá kom hann aftur upp í huga mér, bláeygður og ljóshærður, og mér sýndist Konni depla augunum hæðnislega að mér. Hugsa til baka þegar ég sá pabba í síðasta skiptið áður en hann fór. Það var þegar hann stóð með bláu og hvítu Champion peysuna í höndunum og rétti mér hana með brosi á vör. ,,Jú, ég bið þess á hverju kvöldi að hann komi aftur“ segi ég loksins eftir langa þögn. Konni virðist hlæja að mér með stingandi augnaráði. Þegar á æfinguna var komið hengi ég fötin mín upp.

Nýju og fallegu Diesel buxurnar héngu á snaganum og blikkuðu til mín þegar ég klæddi mig í rauðar Manchester United stuttbuxur, treyju og sokka í stíl. Á æfingunni átti ég stórleik og var allt í öllu inn á miðjunni. Við strákarnir ræddum svo um Manchester - Liverpool leikinn sem var í fyrradag er við teygðum á. Konni sagðist hafa teygt nóg og sagðist þurfa að drífa sig heim. „Er allt í lagi Konni?“ kallaði ég á eftir honum. „Já,já, ég þarf bara að drífa mig sagði hann“ og rauk út úr salnum.

Þegar ég labbaði inn í klefann settist ég á bekkinn og tók ekki strax eftir að Egill var að horfa á eitthvað fyrir ofan mig. „Á hvað ertu að horfa Egill?“ spurði ég. „Kristó, hvað kom eiginlega fyrir fötin þín?“ svaraði Egill hálfstamandi. Ég leit upp og sá smá bút detta niður fyrir augunum á mér og beint á gólfið. „Stick with your friends.“

Ég rauk upp og starði á buxurnar og bolinn minn, sundurrifinn á snaganum. Hann, bláeygður og ljóshærður, starði með mér á fötin mín þar sem þau lágu, öll sundurklippt.

„En ég sem, ég sem var nýbúinn að kaupa þau“ sagði ég og tárin byrjuðu að renna niður kinnarnar mínar. Ég flýtti mér að setja fötin mín í íþróttatöskuna áður en hinir strákarnir kæmu. Ég þaut út á Manchester gallanum einum og þreif Johnson skóna mína úr hillunni. Ég klæddi mig í þá í snatri og hljóp beint út í rigninguna.

Ég tók upp hjólið mitt og byrjaði að hjóla af stað. „Hver gæti gert þetta“ hugsaði ég. „Hver er svona mikið þjófur að ræna buxunum mínum frá mér og honum.“ „Það er örugglega húsvörðurinn sem hatar mig,“ öskraði lítil rödd inni í mér. En þá allt í einu rifjaðist upp fyrir mér „Konni!“ Hann fór inn í klefann á undan öllum öðrum. Hann hafði verið eitthvað sár þegar að hann sá nýju fötin mín.

Hugsunin og grunurinn um Konna og hvað hann hafði gert varð sterkari í huga mér. Þegar ég kom heim, henti ég hjólinu á jörðina ásamt vináttu minni við hann.

Þegar að ég opna hurðina sé ég hvar mamma stendur með reiðisvip. ,,Kristófer, hvar eru fimm þúsund kallarnir sem voru í veskinu mínu í gær?“ öskrar hún á mig.

Núna stendur hann ekki lengur með mér, bláeygður og ljóshærður, heldur hleypur hann í burtu eins og að hann gerði fyrir tveimur árum síðan.


HJÁLMLAUSI HAMSTURINN
HADDI
HADDI!! EKKI GLEYMA AÐ SETJA Á ÞIG HJÁLM!
WHATEVER MAMMA!
GLÆTAN MAÐUR AÐ ÉG NOTI HJÁLM! ÞAÐ ER EKKERT SMÁ GLATAÐ!
KLESS
AMMA! AKKURU ER HADDI FRÆNDI SVONA SKRÝTINN?
BÐÖÖ
AF ÞVÍ HANN VAR EKKI MEÐ HJÁLM.



*1. HDG*

*Efri röð frá vinstri: Hjördís Dögg Grímarsdóttir kennari, Alexía Mist Baldursdóttir, Tómas Valgeir Kristjánsson, Sigurður Grétar Gunnarsson, Sigurjón Ari Guðmundsson, Guðfinnur Þór Leósson, Halldór Vilberg Reynisson, Dagný Freyja Guðmundsdóttir og Guðni Freyr Bjarnason. Neðri röð frá vinstri: Daníel Aron Jónsson, Edda Lilja Hjaltadóttir, María Edda Sverrisdóttir (neðar), Eiður Andri Guðlaugsson, Lúísa Heiður Guðnadóttir (fyrir neðan), Valfríður Guðmey Haraldsdóttir, Davíð Freyr Sveinsson (fyrir neðan) og Andrea Ýr Reynisdóttir.*



*1. IE*

*Aftasta röð frá vinstri: Ingibjörg Eggertsdóttir, Una Lára Lárusdóttir, Ólafur Tryggvi Elíasson, Hilmar Halldórsson, Ástþór Ýmir Alexandersson, Dagmar Sara Bjarnadóttir, Svandís Guðbjörg Karlsdóttir og Eva María Jónsdóttir. Miðröð frá vinstri: Jóhannes Valur Hafsteinsson, Auðun Ingi Hrólfsson, Ólafur Ingi Ásgeirsson, Arnór Sigurðsson og Linda Ósk Alfreðsdóttir. Fremst frá vinstri: Helgi Laxdal Aðalgeirsson, Sveinn Logi Kristinsson, Auður Marín Adolphsdóttir, Sandra Ósk Alfreðsdóttir, Bryndís Jóna Hilmarsdóttir og Sóley Rún Einarsdóttir.*



*1. VS*

*Aftasta röð frá vinstri: Valdís Sigurvinsdóttir kennari, Gilmar Þór Benediktsson, Símon Orri Jóhannsson, Ragna Dís Sveinbjörnsdóttir, Karólína Andrea Gísladóttir, Elín Birta Kolbeinsdóttir og Árni Snær Fjalarsson. Miðju röð frá vinstri: Arnar Gunnarsson, Baldur Már Finnsson, Anna Lilja Guðmundsdóttir, Harpa Rós Gunnarsdóttir og Matthías Þorbergur Pálsson. Fremsta röð frá vinstri: Grétar Júlíus Þorsteinsson, Aron Már Björnsson, Marvin Daði Ægisson og Þórdís Líf Valgeirsdóttir.*

**2. ÁE**

*Aftasta röð frá vinstri: Ólöf Adda Þorsteinsdóttir, Hulda Steinunn Óladóttir, Jóndís Hálfdánsdóttir, Stefán Teitur Þórðarson, Sara Katrín Benediktsdóttir og Ásta Egilsdóttir kennari. Næst aftasta röð frá vinstri: Eggert Halldórsson, Gylfi Brynjar Stefánsson, Linda María Rögnvaldsdóttir, Axel Fannar Elvarsson, Ásgrímur Óskar Jóhannesson og Rakel Ýr Guðlaugsdóttir. Næst fremsta röð frá vinstri: Hjördís Rósa Ernisdóttir, Guðmundur Sigurbjörnsson og Una Lilja Jónsdóttir. Fremsta röð frá vinstri: Jóhannes Garðar Jóhannesson, Ríkharður Árnason, Sindri Þór Harðarson og Jón Helgi Sævarsson.*






**2. EDB**

*Aftasta röð frá vinstri: Elín Björk Davíðsdóttir kennari, Alda Karen Jónsdóttir, Viktor Ellingsson, Sveinn Þór Þorvaldsson, Erlendur Rúnar Reynisson, Emilía Anna Jóhannsdóttir og Hildur Ýr Eiríksdóttir. Miðröð frá vinstri: Karen Þöll Jensdóttir, Halldór Karvel Bjarnason, Alexander Örn Kárason, Aldís Lind Benediktsdóttir, Júlía Björk Gunnarsdóttir, Magðalena Lára Sigurðardóttir og Stefán Kaprasíus Garðarsson. Fremsa röð frá vinstri: Árni Teitur Líndal Þrastarson, Ásthildur Jóna Haraldsdóttir, Þórir Halldórsson, Marteinn Darri Hjaltason, Aðalsteinn Maron Árnason og Sunna Rós Sigmundsdóttir.*

**2. EHÞ**

*Aftari röð frá vinstri: Viktor Pálmason, Ásþór Ísak Jökulsson, Leó Snær Guðmundsson, Axel Guðni Sigurðsson, Hilmar Örn Jónsson, Ísak Þórhallsson, Elvar Már Sturlaugsson, Daníel Andri Valdimarsson, Hafliði Már Höskuldsson, Marinó Hrannar Hjaltason og Eyrún Helga Þorleifsdóttir kennari. Fremri röð frá vinstri: Elísabet Ósk Einarsdóttir, Berglind Björk Gunnarsdóttir, Birna Sjöfn Pétursdóttir, Yrsa Katrín Karlsdóttir, Anna Chukwunonso Eze, Ingibjörg Elín Jónsdóttir, Júlía Gunnlaugsdóttir og Svanhildur Skarphéðinsdóttir.*





### 3. HKA

*Aftasta röð frá vinstri: Hildur Karen Aðalsteinsdóttir kennari, Kristinn Rafn Sveinsson, Heiður Ásgeirsdóttir, Veronica Líf Þórðardóttir, Margrét Brandsdóttir, Auðun Ingi Ernisson, Börkur Hrafn Sigurbjörnsson og Hafþór Pétursson. Miðröð frá vinstri: Þórður Arnar Jósefsson, Dóra Marín Karvelsdóttir, Snær Halldórsson, Mikael Máni Steinarsson, Aníta Franklínsdóttir, Hugrún Ragna Pálmadóttir og Aron Þorbjörnsson. Fremsta röð frá vinstri: Helgi Jónsson, Marín Rós Eyjólfsdóttir, Bryndís Rún Þórólfsdóttir, Sigríður Ylfa Arnarsdóttir, Árni Þór Árnason og Almar Knörr Hjaltason.*



### 3. SRR

*Aftasta röð frá vinstri : Kristófer Daði Garðarsson, Allan Bjarki Jónsson, Ágúst Ingi Rossen, Benedikt Rúnar Hermannsson, Hafdís Dóra Gunnarsdóttir, Þórey Petra Bjarnadóttir og Margrét Sunna Ingólfsdóttir og Sigurbjörg Ragna Ragnarsdóttir kennari. Miðröð frá vinstri: Ásgerður Ásgrímsdóttir, Stefanía Berg Steinarsdóttir, Friðrik Berg Sigþórsson, Einar Ágúst Hjálmarsson, Brynja Rún Björnsdóttir og Enok Orri Arnórsson. Fremsta röð: Hrafn Darri Guðbjörnsson, Elísa Björk Jóhannsdóttir, Steinþór Brekkmann Steinþórsson, Elís Rúnar Elísson og Lovísa Ösp Helgadóttir.*



### 4. EK

*Aftasta röð frá vinstri: Aldís Rós Hrólfsdóttir, Fanney Rún Ágústsdóttir, Elmar Gísli Gíslason, Daníel Þór Heimisson, Aldís Ylfa Heimisdóttir, Tryggvi Hrafn Haraldsson, Katarínus Björnsson, Auðunn Andri Ólafsson og Eygló Karlsdóttir kennari. Miðröð frá vinstri: Ásrún Ösp Jóhannesdóttir, Sara Ýr Jónsdóttir, Guðný Björk Proppé, Pétur Hafliði Sigurðsson, Tryggvi Björn Guðbjörnsson, Hörður Þór Harðarson, Lilja Bjarklind Garðarsdóttir og Guðjón Snær Einarsson. Neðsta röð frá vinstri: Arnþór Snær Hjaltason, Kristján Þór Jónsson, Kristín Ósk Björnsdóttir, Albert Ægisson, Helgi Grétar Gunnarsson, Ástrós Ólafsdóttir, Björnfríður Björnsdóttir og Ester Lind Theodórsdóttir.*

**4. VHj**

*Aftasta röð frá vinstri: Albert Páll Albertsson, Guðmundur Bjarni Björnsson, Breki Harðarson, Guðmundur Darri Sverrisson, Kristbjörg Víðisdóttir, Vilborg Júlía Pétursdóttir, Laufey María Vilhelmsdóttir og Valdimar Hjaltason kennari. Miðröð frá vinstri: Jóhanna Ösp Stefánsdóttir, Elísabet Hlín Steinþórsdóttir, Svava Rún Björgvinsdóttir, Brynja Ásta Magnúsdóttir, María Rún Ólafsdóttir, Hrafnhildur Steinunn Sigurþórsdóttir, Axel Bragi Bjarnason og Ragnheiður Eva Guðmundsdóttir. Neðsta röð frá vinstri: Aron Tryggvi Þorsteinsson, Finnbogi Rúnar Kristjánsson, Hafliði Stefánsson, Ragnar Már Lárusson, Stefán Logi Samúelsson, Björn Hreiðar Pálsson, Brynja Dögg Magnúsdóttir og Auður Gunnlaugsdóttir.*





**5. ÁHF**

*Aftasta röð frá vinstri: Magnús Heiðar Gunnarsson, Kristinn Gauti Gunnarsson, Þórður Páll Fjalarsson, Fannar Geir Sigurgeirsson, Sverrir Mar Smárason og Gabríel Örn Kjartansson. Miðröð frá vinstri: Sylvía Björk Jónsdóttir, Kristín Ása Hjálmsdóttir, Guðlaugur Þór Brandsson, Arnaldur Ægir Guðlaugsson, Hafdís Mist Bergsteinsdóttir, Rut Hrafns Elvarsdóttir og Árný Hulda Friðriksdóttir kennari.*
*Fremsta röð frá vinstri: Hafdís Dögg Rúnarsdóttir, Karen Sól Sævarsdóttir, Kolbrún Ósk Kolbeinsdóttir, Íris Irma Ernisdóttir, Þórður Þorsteinn Þórðarson og Arnar Árnason. Á myndina vantar Símon Þengil Jóhannsson.*

**5. KDM**

*Aftasta röð frá vinstri: Birna Björk Hölludóttir, Salome Jónsdóttir, Pálmi Reynisson, Sigursteinn Atli Ólafsson, Konráð Freyr Sigurðsson, Hallur Freyr Sigurbjörnsson og Arnar Freyr Sigurðsson.*
*Miðröð frá vinstri: Freyja Kristjana Bjarkadóttir, Ingibjörg Helga Rögnvaldsdóttir, Silvía Sif Ólafsdóttir, Una Rakel Hafliðadóttir, Ágúst Helgi Baldursson og Sævar Berg Sigurðsson.*
*Fremsta röð frá vinstri: Ingileif Egilsdóttir, Eyrún Eiðsdóttir, Gréta Stefánsdóttir, Þorvaldur Arnar Guðmundsson, Stefán Már Guðmundsson og Alexander Már Þorláksson. Á myndina vantar Kristrúnu Dögg Marteinsdóttur kennara.*





*5. SÓ*

*Aftasta röð frá vinstri: Arnar Freyr Sævarsson, Svavar Kristján Kristjánsson, Jakub Podlewski, Hannes Marvin Óðinsson, Helgi Sigurðsson, Indriði Áki Þorláksson og Marinó Hilmar Ásgeirsson. Önnur röð: Unnur Inga Karlsdóttir, Elva Björk Magnúsdóttir, Kristrún Haraldsdóttir, Helena Bequette, Hafdís Rán Sævarsdóttir, Lovísa Hrund Svavarsdóttir og Sigríður G. Ólafsdóttir kennari. Fremsta röð: Júlía Björk Jóhannsdóttir, Heiðrún Ósk Magnúsdóttir, Alexandra Ýr Stefánsdóttir, Adda Malín Vilhjálmsdóttir, Hrönn Óskarsdóttir og Ída Logadóttir.*



*6. MRJ*

*Aftasta röð frá vinstri: Gunnar Bjarki Jóhannsson, Andri Freyr Gunnarsson Bender, Maren Leósdóttir, Sólveig Rún Samúelsdóttir, Karl Svanhólm Þórisson, Trausti Guðmundarson, Sigurður Ingi Ágústsson, María Rós Björnsdóttir, Hróbjartur Trausti Árnason og Unnur Ýr Haraldsdóttir. Önnur röð: Ragnar Þór Gunnarsson, Kristinn Ómar Jóhannsson, Snorri Már Lárusson, Stefanía Sól Sveinbjörnsdóttir, Elísa Svala Elvarsdóttir, Hekla Haraldsdóttir, Vera Kristín Jónasdóttir, Heiðrún Anna Sigurðardóttir, Steinunn Traustadóttir og Aldís Ýr Rossen. Fremsta röð: Margrét Rós Jósefsdóttir kennari, Atli Albertsson,Ómar Logi Þorbjörnsson, Marvin Þrastarson, Sindri Snæfells Kristinsson, Alexandra Hlíf Jóelsdóttir og Guðrún Ýr Bjarnadóttir.*



*6. BÞ*

*Aftasta röð frá vinstri: Andri Freyr Gunnarsson, Alexandra Dóra Arndísardóttir, Elín Birna Jóhannsdóttir, Hafdís Lilja Hafsteinsdóttir, Eva Ösp Sæmundsdóttir, Jónas Kári Eiríksson, Gunnhildur Björk Jóhannesdóttir og Vilborg Björnsdóttir. Miðröð frá vinstri: Piotr Mochola, Hafsteinn Einar Ágústsson, Sigurður Böðvarsson, Alexander Freyr Jensson, Birgir Viktor Hannesson, Hafþór Daði Halldórsson, Snorri Kristleifsson, Björn Þór Björnsson og Berglind Þráinsdóttir kennari. Fremsta röð frá vinstri: Eva Rún Bequette, Dagbjört Inga Grétarsdóttir, Elsa María Guðlaugsdóttir, Særós Ýr Þráinsdóttir, Agnesa Andreudóttir, Sóley Hálfdánardóttir, Særós Gunnlaugsdóttir og Ingimundur Haraldur Magnússon. Á myndina vantar: Guðlaugu Maríu Jónsdóttur og Jóhann Hergils Steinþórsson.*

*7. GB*

*Aftasta röð frá vinstri: Inga Elín Cryer, Sigríður Lóa Björnsdóttir, Emilía Halldórsdóttir, Hallbera Rún Þórðardóttir, Harpa Hólm Heimisdóttir, Hafþór Ingi Pálsson, Pálmi Gunnlaugsson, Arnþrúður Heiðrún Jóhannesdóttir og Gunnhildur Björnsdóttir kennari. Miðröð frá vinstri: Kristrún Skúladóttir, Hafdís Ingimarsdóttir, Helga Björg Þrastardóttir, Birta Stefánsdóttir, Ína Sigrún Rúnarsdóttir, Heiður Heimisdóttir, Kristín Björk Lárusdóttir, Birkir Hrafn Vilhjálmsson. Neðsta röð frá vinstri: Sigrún Eva Ármannsdóttir, Linda Ýr Stefánsdóttir, Katla Rún Baldursdóttir, Gísli Þór Gíslason, Olgeir Sölvi Karvelsson, Teitur Pétursson, Alexander Egill Guðmundsson. Á myndina vantar Benedikt Val Árnason og Berglindi Hrönn Einarsdóttur.*





*7. UÁ*

*Aftasta röð frá vinstri: Anton Örn Rúnarsson, Guðlaug Marín Gunnarsdóttir, Ósk Hjartardóttir, Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir, Petrea Hjartardóttir, Elísa Valdís Einarsdóttir og Ursula Ragna Ásgrímsdóttir kennari. Miðröð frá vinstri: Tóbías Bergmann Sóleyjarson, Daníel Magnússon, Sigríður Edda Valdimarsdóttir, Valdís Rut Jónsdóttir, Eydís Sunna Ægisdóttir og Hulda Margrét Brynjarsdóttir. Fremsta röð frá vinstri: Oddur Andrés Guðsteinsson, Hafþór Freyr Hjálmsson, Arnór Kristinn Hjálmarsson, Arnór Freyr Símonarson, Halldór Bjarki Ólafsson og Eyþór Örn Gunnarsson. Á myndina vantar: Dagmar Elsu Jónasdóttur, Lilju Rut Bjarnadóttur, Kristófer Má Maronsson, Jón Pétur Vilhelmsson, Einar Þór Gunnarsson og Lindu Hrönn Óðinsdóttur.*

*8. MÁ*

*Aftasta röð frá vinstri: Arnar Þór Ólafsson, Alex Hinrik Haraldsson, Rúnar Freyr Ágústsson, Tómas Alexander Árnason, Vigdís Ólafsdóttir, Svava Björk Hölludóttir og Kristjana Kristjánsdóttir. Miðröð frá vinstri: Margrét Ákadóttir kennari, Dagný Björk Egilsdóttir, Lóa Guðrún Gísladóttir, Guðrún Þórbjörg Sturlaugsdóttir, Aðalheiður Harðardóttir, Jensína Kristinsdóttir, Árný Lára Sigurðardóttir og Björn Markús Lúðvíksson. Fremsta röð frá vinstri: Jóhann Úlfar Thoroddsen, Sigurbjörn Hauksson, Kristján Þórir Sigurgeirsson, Halldór Reynisson, Andri Gústavsson og Alex Kári Kristjánsson.*





**8. SG**

*Aftasta röð frá vinstri: Inga Guðrún Gísladóttir, Margrét Snæfríður Árnadóttir, Viðar Birkir Viðarsson, Arnór Ingi Jónasson, Bjarki Þór Jóhannsson, Sædís Eva Óðinsdóttir, Bryndís Matthíasdóttir, Alda Björk Einarsdóttir, Andri Adolphsson, Sigurður Trausti Karvelsson og Ingibjörn Sölvason. Fremri röð frá vinstri: Ásta Gunnarsdóttir, Kristjana Bjarnadóttir, Eiríkur Bergmann Henn, Vilmundur Hlífar Böðvarsson, Allan Freyr Vilhjálmsson og Hallur Flosason. Sitjandi fremst: Ragnhildur Ýr Björnsdóttir og Telma Björk Helgadóttir. Liggjandi: Oddný Erla Valgeirsdóttir stuðningsfulltrúi og Steinunn Guðmundsdóttir kennari.*

**8. SJ**

*Aftasta röð frá vinstri: Kristín Inga Karlsdóttir, Erla Karítas Pétursdóttir, Hrafn Traustason, Árni Steinar Guðnason, Róbert Sigurjónsson og Mathías Bergmann Sóleyjarson. Miðröð frá vinstri: Helga Rós Gísladóttir, Karen Ósk Guðlaugsdóttir, Jón Þór Hallgrímsson, Bjarki Tómasson, Guðjón Freyr Eiðsson, Engilbert Svavarsson og Sigurjón Jónsson kennari. Neðsta röð frá vinstri: Birkir Olgeir Bjarkason, Margrét Helga Guðmundsdóttir, Unnur Rebekka Þráinsdóttir, Móeiður Lárusdóttir, Sóley Bára Bergsteinsdóttir, Hilmar Þór Símonarson og Amanda Ösp Kolbeinsdóttir.*





**9. EÞS**

*Aftasta röð frá vinstri: Kristinn Ágúst Þórsson, Viktor Ýmir Elíasson, Viktor Gabríel Friðriksson, Heiðar Logi Valdimarsson, Ragnar Leósson, Heiður Dögg Reynisdóttir, Elís Þór Sigurðsson kennari. Miðröð frá vinstri: Marinó Rafn Guðmundsson, Breki Berg Guðmundsson, Eydís Frímannsdóttir, Helga María Hafsteinsdóttir, Helena Másdóttir, Karen Ósk Kristínardóttir, Kristín Ósk Karlsdóttir og Laufey Guðnadóttir. Fremsta röð frá vinstri: Bjarki Berg Guðmundsson, Leifur Viktor Guðmundsson, Jónas Bjartur Valdimarsson, Árni Snær Ólafsson, Svandís Erla Ólafsdóttir og Ingibjörg Huld Gísladóttir. Á myndina vantar Svanberg Björnsson.*


Óskum nemendum og starfsfólki
Grundaskóla gleðilegs sumars!
Hittumst hress og
endurnærð í haust!
Kodak
EXPRESS
GÆÐAFRAMKÖLLUN
Penninn
Kirkjubraut 54 • Akranesi
Sími 431 1855


TUNGLIÐ RV2039
Glerfínar gluggafilmur
– aukin vellíðan á vinnustað
Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV


Hannaðu þitt eigið XY kort
Maestro
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
Nýir XY meðlimir fá bíómiða fyrir tvo eða flottan Ósóma XY bol í inngöngugjöf.
ÞETTA ER ÞITT KORT – ÞÚ RÆÐUR!
Nú getur þú hannað þitt eigið XY-kort. Þú ferð bara á XY.is, setur þína eigin mynd á kortið og áður en þú veist af ertu komin(n) með algerlega einstakt kort í vasann.
Vertu skapandi og gerðu þitt kort einstakt.
Farðu á XY.is og kláraðu málið!
GLITNIR
www.xy.is





## 9. IS

*Aftasta röð frá vinstri: Magnús Traustason, Guðbergur Jens Haraldsson, Hafþór Ingi Garðarson, Einar Logi Einarsson, Ármann Steinar Gunnarsson, Þorsteinn Jónsson og Júlía Björk Elfarsdóttir. Miðröð frá vinstri: Kristinn Hlíðar Grétarsson, Líf Lárusdóttir, Alexandra Berg, Björgvin Andri Garðarson, Inga Sif Ingvarsdóttir, Gyða Björk Bergþórsdóttir og Ingibjörg Stefánsdóttir kennari. Fremsta röð frá vinstri: Orri Jónsson, Ástþór Helgi Hjálmarsson, Eyja Þóra Guðjónsdóttir, Kristín Ragnarsdóttir, Heiðdís Júlíusdóttir og Rúnar Árnason. Á myndina vantar: Auði Dögg Eyjólfsdóttur og Rakel Gunnlaugsdóttur.*



## 9. LJ

*Aftasta röð frá vinstri: Leó Jóhannesson kennari, Agnes Ásgeirsdóttir, Díana Bergsdóttir, Gunnþórunn Valsdóttir, Sigurður Hrafn Smárason, Ingvar Þórisson og Ástþór Guðmundsson. Miðröð frá vinstri: Sigríður Mist Hjartardóttir, Harpa Lind Gylfadóttir, Daisy Heimisdóttir, Sonja Bjarnadóttir, Hildigunnur S. Aðalsteinsdóttir, Eygló Smáradóttir, Hafþór Ingþórsson og Steinþór Böðvarsson. Fremsta röð frá vinstri: Bjarki Valur Viðarsson, Ágúst Heimisson, Gunnar Þór Þorsteinsson, Fjalar Þór Rúnarsson, Jón Andri Björnsson, Jóhann Örn Jónbjörnsson og Rúnar Bergmann Gunnlaugsson.*



## 10. EV

*Aftasta röð frá vinstri: Einar Viðarsson kennari, Andrés Már Harðarson, Kári Víkingur Sturlaugsson, Andri Geir Alexandersson og Aðalsteinn Sigurgeirsson. Miðröð frá vinstri: Sindri Albertsson, Jóhann Skúli Björnsson, Guðmundur Dagur Jóhannsson, Trausti Sigurbjörnsson, Leó Daðason og Ögmundur Sveinsson. Fremsta röð frá vinstri: Guðjón Þór Ólafsson, Aron Ýmir Pétursson, Ólafur Dór Baldursson, Ragnar Þór Gunnarsson, Emil Kristmann Sævarsson og Ívar Haukur Sævarsson.*

***10. LK***

*Aftasta röð frá vinstri: Lára Jóhanna Magnúsdóttir, Heiður Haraldsdóttir, Finnur Kleifar Björgvinsson, Teitur Símon Óskarsson og Guðjón Helgi Guðmundsson. Miðröð frá vinstri: Helga María Skúladóttir, Regína Ösp Ásgeirsdóttir, Hulda Halldórsdóttir, Arnþór Ingi Kristinsson, Þorleifur Þorbjörnsson og Jón Már Brynjólfsson. Fremsta röð frá vinstri: Hulda María Ásgeirsdóttir, Trausti Geir Jónasson, Sunna Dís Jensdóttir, Inga Þóra Lárusdóttir, Ragna Lóa Sigmarsdóttir og Björn Jónsson. Fremst: Laufey Karlsdóttir kennari: Á myndina vantar: Andra Má Jóhannsson, Atla Harðarson og Bjartmar Má Björnsson.*





***10. SR***

*Aftasta röð frá vinstri: Einar Karl Einarsson, Eyþór Björgvinsson, Bjarki Sigmundsson, Jóhann Ólafur Benjamínsson, Björn Árnason og Sölvi Már Sigurjónsson. Næsta röð frá vinstri: Rúna Dís Þorsteinsdóttir, Sunna Lind Ægisdóttir, Kristín Edda Egilsdóttir og Ólafur Helgi Halldórsson. Næstfremsta röð frá vinstri: Hildur Jónsdóttir, Karín Hera Árnadóttir, Díana Georgsdóttir, Maren Helga Guðmundsdóttir og Jón Birkir Bergþórsson. Fremsta röð frá vinstri: Elísabet Traustadóttir, Guðrún Drífa Halldórsdóttir, Auður Elísa Harðardóttir, Harpa Jónsdóttir og Þorbjörn Heiðar Heiðarsson. Á myndina vantar: Sigríði Ragnarsdóttur kennara.*


## EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA ÚTGÁFU ÞESSA BLAÐS

**Verslunin Bjarg**
**Arnardalur**
**Augnlækningastofa GJG**
**Sjónglerið**
**Pípulagningaþjónustan ehf.**
**Nuddstofa Siggu Maju**
**Bílver**
**Trésmiðjan Akur**
**Deloitte**
**Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar ehf.**
**Viðar Einarsson ökukennari**
**Sýslumaðurinn á Akranesi**
**Model**
**Hárstíll**
**Tannlæknastofa Jónasar Geirssonar ehf.**
**Dýrfinna Torfadóttir**
**Tónlistarskólinn á Akranesi**
**Tungusól**
**Blikksmiðja Guðmundar J. Hallgrímssonar**

Hrönn Ríkharðsdóttir, aðstoðarskólastjóri:

# Annáll skólaárið 2005-2006



Skólaárið 2005-2006 hefur verið viðburðaríkt í Grundaskóla. Skólanum var í júní 2005 afhent fyrstum íslenskra skóla Íslensku menntaverðlaunin sem forseti Íslands stofnaði til. Verðlaunin voru veitt skólanum fyrir að hafa sinnt vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi. Í tengslum við Íslensku menntaverðlaunin komu forsetahjónin hr. Ólafur Ragnar Grímsson og frú Dorrit Moussaieff í heimsókn í Grundaskóla 31. janúar 2006.

Skólaárið 2005-2006 hófst með velheppnaðri ferð starfsmanna skólans til Bamble í Noregi, vinabæjar Akraness, þar sem við skoðuðum skóla og lærðum ýmislegt um kennsluhætti. Skólasetning var síðan 26. ágúst 2005. Nemendur eru orðnir 520 talsins, kennarar eru 45 auk 2 skólastjóra og aðrir starfsmenn eru 27.

Eins og áður hafa fastir liðir verið á dagskrá skólaársins. Þar má nefna vorskóla elstu barna leikskólanna og nemenda í 1. bekkjum grunnskóla, sjávarútvegsþema í 9. bekk og Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk. Auk þess eru dansleikir með hæfileika- og söngvakeppni, frístundaval, kvikmyndagerð, árshátíð nemenda, íþróttamót, Skólablaðið Púlsinn, stærðfræðikeppni og ferðalög fastir liðir í skólastarfinu. Síðan má einnig nefna að foreldrafræðsla er á haustin fyrir foreldra 1. og 8. bekkinga.

Af síður hefðbundnum þáttum verður að segja frá því að Grundaskóli gerði samning við Umferðarstofu um að vera „móðurskóli“ í umferðarfræðslu. Skólinn tekur að sér að hvetja til umferðarfræðslu í skólum, meðal annars með námskeiðahaldi fyrir kennara. Grundaskóli samdi líka í samráði við Rauða Krossinn námsefni fyrir námskeið í sálrænni og almennri skyndihjálp og síðastliðið haust var haldið námskeið fyrir allt starfsfólk skólans og gengið frá viðbragðsáætlun fyrir skólann.



Grundaskóli er þátttakandi í tveimur Evrópuverkefnum í vetur. Samstarfsskólarnir koma í öðru verkefninu frá Þýskalandi, Frakklandi, Portúgal en í hinu frá Svíþjóð, Tyrklandi og Ítalíu. Bæði verkefnin eru áætluð til 3 ára og munu gefa okkur færi á að kynnast skólum og skólastarfi í Evrópu og læra hvað við getum gert betur.

Eitt stærsta verkefni þessa skólaárs var uppfærsla á frumsömdum söngleik sem hlaut heitið „Hunangsflugur & Villikettir“. Höfundar eru þeir Flosi Einarsson og Einar Viðarsson kennarar við skólann og einnig Gunnar Sturla Hervarsson fyrrverandi kennari og sáu þeir Einar og Flosi um uppfærsluna. Viðfangsefnið var mannlífið á Skaga í kringum 1970 og tónlistin samin í anda þess tíma. Rúmlega 2500 manns sáu söngleikinn og gefinn var út geisladiskur með tónlistinni.

Hér hefur verið drepið á nokkra þætti á skemmtilegu skólaári. Auðvitað hefur margt fleira gerst sem nemendur og starfsfólk geyma minningar um en látið staðar numið að sinni.

# Með HP í allt sumar

hp invent



**HP Pavilion fartölvur**



**HP Pavilion borðtölvur**



**HP skjávarpar**



**HP fjölnotatæki**



**HP ljósmyndaprentarar**



**HP Compaq borðtölvur**



**HP myndlesarar**



**HP stafrænar myndavélar**

Allar nánari upplýsingar um vöruúrval HP og verð færðu hjá okkur

***Velkomin í verslun okkar***

**Tölvuþjónustan** - verslun • Esjubraut 49 • 300 Akranes • Sími 575 9200 • verslun@tolva.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 30017 10/2005